



# SPARISJÓÐUR HÚNAÞINGS OG STRANDA

Hvammstanga - Borðeyri



Ársreikningur  
2006

# Sparisjóður Húnaþings og Stranda

## Ársreikningur 2006 Samstæðureikningur

Stjórn:

Egill Gunnlaugsson  
Þorvaldur Böðvarsson  
Gunnar Sæmundsson  
Heimir Ágústsson  
Sveinbjörn Jónsson

Sparisjóðsstjóri:  
Páll Sigurðsson

Sparisjóður Húnaþings og Stranda  
Hvammstangabraut 5  
530 Hvammstanga

Kt. 610269-6729



# Efnisyfirlit

---

## Sparisjóður Húnaþings og Stranda Arsreikningur 2006

Áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Yfirlit um sjóðstreymi .....	8
Skýringar .....	9

## Menningarsjóður Arsreikningur 2006

Ársskýrsla og áritun sjóðsstjórnar .....	20
Áritun óháðs endurskoðanda .....	21
Rekstrarreikningur .....	22
Efnahagsreikningur .....	23
Skýringar .....	24



## Áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Ársreikningur Sparisjóðs Húnaþings og Stranda er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Reikningurinn er samstæðureikningur sparisjóðsins og dótturfélags hans, Þrælsfells ehf.

Hagnaður varð á rekstri sparisjóðsins á árinu 2006 að fjárhæð 818,7 millj. kr. Eigið fé hans í árslok nam 1.470,0 millj. kr. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 14,9% en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Stjórn sparisjóðsins leggur til að greiddur verði 50,0% arður á árinu 2007 vegna ársins 2006, sem skiptist þannig að 30,0% arður greiðist með stofnfjárbréfum í sparisjóðnum en 20,0% arður með peningum. Vísað er til ársreikningsins um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.


Stofnfé sparisjóðsins nam í árslok 13,9 millj. kr. og skiptist það á milli 163 stofnfjáraðila. Húnaþing vestra er eini aðilinn sem á meira en 5,0% í sjóðnum en eignarhlutur þess er 6,2%.


Á árinu störfuðu 11 starfsmenn að meðaltali hjá sparisjóðnum miðað við heilsársstörf og námu launagreiðslur samtals 56,6 millj. kr.

Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Húnaþings og Stranda staðfesta ársreikning sparisjóðsins fyrir 2006 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 30. mars 2007.

Stjórn:

  
Egill Gunnlaugsson

  
Gunnar Sæmundsson

  
Sveinbjörn Jónsson

  
Heimir Ágústsson

  
Þorvaldur Böðvarsson

Sparisjóðsstjóri:

  
Páll Sigurðsson



# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáreigenda í Sparisjóði Húnaþings og Stranda

## Inngangur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sparisjóðs Húnaþings og Stranda fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunaraðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sparisjóðsins á árinu 2006, efnahag hans 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 30. mars 2007.

**KPMG hf.**

Helgi F. Arnarson

Ragna Hrund Hjartardóttir



# Rekstrarreikningur árið 2006

	Skýr.	2006	2005
<b>Vaxtatekjur:</b>			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir .....		19.050.742	23.610.028
Vaxtatekjur af útlánum .....		409.008.142	297.263.961
Vaxtatekjur af markaðsbréfum .....		5.090.582	1.267.758
	5	<u>433.149.466</u>	<u>322.141.747</u>
<b>Vaxtagjöld:</b>			
Vaxtagjöld til lánastofnana .....		30.508.644	15.349.625
Vaxtagjöld af innlánum .....		286.728.447	155.560.843
Vaxtagjöld af lántökum .....		6.885.842	1.646.192
Vaxtagjöld af víkjandi lánum .....		18.101.720	0
Önnur vaxtagjöld .....		5.502.738	4.862.571
	5	<u>347.727.391</u>	<u>177.419.231</u>
		Hreinar vaxtatekjur	85.422.075
			144.722.516
<b>Aðrar rekstrartekjur:</b>			
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum .....	6	34.086.057	3.618.911
Þjónustutekjur .....	7,18	36.655.972	36.641.254
Þjónustugjöld .....		( 8.056.145 )	( 7.247.392 )
Gengishagnaður .....	19	749.187.477	307.206.670
Ýmsar rekstrartekjur .....	20	15.900.972	23.377.979
		<u>827.774.333</u>	<u>363.597.422</u>
		Hreinar rekstrartekjur	913.196.408
			508.319.938
<b>Önnur rekstrargjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	22,23	71.396.558	62.428.997
Annar almennur rekstrarkostnaður .....		83.065.644	71.909.497
Afskriftir .....	39	6.109.618	2.971.769
		<u>160.571.820</u>	<u>137.310.263</u>
Framlag í afskriftareikning útlána .....	9,32	( 49.082.192 )	( 96.623.256 )
		Hagnaður fyrir tekjuskatt	703.542.396
			274.386.419
Tekjuskattur .....	14,26	<u>115.188.976</u>	( 47.545.628 )
<b>Hagnaður ársins</b> .....	51	<u>818.731.372</u>	<u>226.840.791</u>



# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	2006	2005
<b>Sjóður og kröfur á lánastofnanir:</b>			
Sjóður .....		28.851.812	24.848.063
Kröfur á lánastofnanir .....	27	505.545.202	273.561.740
		<u>534.397.014</u>	<u>298.409.803</u>
<b>Útlán:</b>			
Útlán til viðskiptamanna .....	8,9	3.268.093.728	2.445.383.785
Fullnustueignir .....	10,33	29.442.535	14.910.577
	28-31	<u>3.297.536.263</u>	<u>2.460.294.362</u>
<b>Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum:</b>			
Skuldabréf með föstum tekjum .....	11,34,35	115.849.100	195.077.155
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum .....	11,36,37	1.424.180.146	1.097.207.605
Hlutir í hlutdeildarfélögum .....	3,12,38	8.755.553	8.691.241
		<u>1.548.784.799</u>	<u>1.300.976.001</u>
<b>Aðrar eignir:</b>			
Rekstrarfjármunir .....	13,39	154.651.443	58.477.480
Reiknuð skatteign .....	14,40	24.264.358	0
Ýmsar eignir .....		5.612.138	0
Áfallnar tekjur .....		2.433.105	2.548.884
		<u>186.961.044</u>	<u>61.026.364</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<u>5.567.679.120</u>	<u>4.120.706.530</u>



# 31. desember 2006

## Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2006	2005
<b>Skuldir við lánastofnanir</b> .....	44	<u>12.378.027</u>	<u>37.104.887</u>
<b>Innlán:</b>			
Óbundin innlán .....		1.559.872.123	1.229.693.294
Bundin innlán .....	45	<u>1.671.616.787</u>	<u>1.513.282.460</u>
		<u>3.231.488.910</u>	<u>2.742.975.754</u>
<b>Lántaka</b> .....	46	<u>617.167.106</u>	<u>383.219.039</u>
<b>Aðrar skuldir:</b>			
Ýmsar skuldir .....	47	31.259.621	17.679.051
Áfallin gjöld .....		<u>11.494.300</u>	<u>10.964.202</u>
		<u>42.753.921</u>	<u>28.643.253</u>
<b>Lífeyrisskuldbinding</b> .....	15,48	<u>54.055.000</u>	<u>54.491.127</u>
<b>Tekjuskattsskuldbinding</b> .....		<u>0</u>	<u>90.924.618</u>
<b>Víkjandi lán</b> .....	16,49	<u>139.833.850</u>	<u>130.798.850</u>
<b>Eigið fé:</b>			
Stofnfé .....		13.975.469	12.780.941
Varasjóður .....		<u>1.456.026.837</u>	<u>639.768.061</u>
	50-52	<u>1.470.002.306</u>	<u>652.549.002</u>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<u><u>5.567.679.120</u></u>	<u><u>4.120.706.530</u></u>
<b>Utan efnahagsreiknings:</b>			
Skuldbindingar vegna viðskiptamanna .....	53		
Aðrar skuldbindingar .....	54		





# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2006

	Skýr.	2006	2005
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Hagnaður ársins .....	51	818.731.372	226.840.791
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur og gengismunur .....		55.268.053	55.377.790
Tekjur af hlutdeildarfélögum .....		9.487.326	( 1.047.016 )
Framlag í afskriftareikning útlána .....	32	49.082.192	96.623.256
Tekjuskattur .....		( 109.629.837 )	47.545.630
Aðrir liðir .....		( 9.176.618 )	3.420.517
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum .....		645.877	6.125.613
Handbært fé frá rekstri		<u>814.408.365</u>	<u>434.886.581</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Kröfur á aðrar lánastofnanir .....		( 136.446 )	( 188.604 )
Útlán, breyting .....		( 765.589.039 )	( 432.878.476 )
Markaðsskuldabréf, breyting .....		48.626.259	( 159.687.018 )
Veltuhlutabréf, breyting .....		( 462.971.981 )	( 732.603.780 )
Fjárfestingarhlutabréf, breyting .....		122.938.209	( 17.106.482 )
Fjárfesting í hlutdeildarfélögum .....		( 2.000.000 )	0
Keyptir rekstrarfjármunir .....	39	( 122.433.472 )	( 30.045.189 )
Seldir rekstrarfjármunir .....	39	35.000.000	0
Ýmsar eignir .....		( 5.612.138 )	0
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(1.152.178.608)</u>	<u>(1.372.509.549)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Skuldir við lánastofnanir, breyting .....		( 24.726.860 )	33.507.394
Innlán, breyting .....		377.828.629	638.763.761
Lántaka, breyting .....		199.181.735	230.310.086
Ýmsar skuldir .....		13.580.567	( 56.073.839 )
Víkjandi lán, breyting .....		9.035.000	130.798.850
Innborgað stofnfé .....		0	4.335.000
Greiddur arður af stofnfé .....	51	( 1.278.068 )	( 1.206.566 )
Fjármögnunarhreyfingar		<u>573.621.003</u>	<u>980.434.686</u>
<b>Hækkun á handbæru fé</b> .....		235.850.760	42.811.718
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		265.202.063	222.390.345
<b>Handbært fé í árslok</b> .....	17	<u>501.052.823</u>	<u>265.202.063</u>



# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð reikningsskil lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er samstæðureikningur sparisjóðsins og dótturfélags hans, Þrælsfells ehf.
2. Dótturfélög eru þau félög þar sem sparisjóðurinn fer með yfirráð. Ársreikningar dótturfélagsins eru innifaldir í samstæðureikningi sparisjóðsins frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur. Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra er felldur út í samstæðureikningnum.
3. Hlutdeildarfélög eru þau félög sem sparisjóðurinn stendur að ásamt öðrum. Eignarhlutirnir eru færðir í efnahagsreikninginn sem samsvarar hlutdeild í eigin fé félaganna.

### *Erlendir gjaldmiðlar*

4. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2006. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

### *Vaxtatekjur og vaxtagjöld*

5. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánnum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánnum og lántöku. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim.

Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

### *Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum*

6. Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna, ásamt arði af hlutabréfum. Arður af veltihlutabréfum er hins vegar færður til tekna með gengismun af veltihlutabréfum í rekstrarreikningi.

### *Þjónustutekjur*

7. Sparisjóðurinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Undir þjónustutekjur falla tekjur af ráðgjöf til fyrirtækja og annarra viðskiptamanna. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikningi sjóðsins þegar þær verða til.

### *Útlán*

8. Útlán til viðskiptamanna eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok 2006. Verðtryggt útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúarbyrjun 2007 og gengistryggt lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2006.
9. Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn hefur lagt í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti vegna þeirra. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánnum í efnahagsreikningi að undanskildu framlagi vegna veittra ábyrgða sem fært er meðal annarra skulda í efnahagsreikningi.



## Skýringar, frh.:

10. Sparisjóðurinn hefur innleyst eignir vegna fullnustu krafna. Fullnustueignir eru færðar á áætluðu markaðsverði í ársreikning sparisjóðsins.

### **Markaðsverðbréf og eignarhlutar í félögum**

11. Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingarverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs, en önnur bréf eru flokkuð sem veltuverðbréf.

Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Óskráð veltuskuldabréf eru færð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup, en óskráð veltuhlutabréf eru færð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra.

12. Sparisjóðurinn stendur að rekstri tveggja félaga um sameiginlega tölvuþjónustu fyrir lánastofnanir. Eignarhlutir í þessum félögum eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar í eigin fé þeirra.

### **Rekstrarfjármunir**

13. Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Húseignir .....	50 ár
Húsbúnaður, skrifstofuáhöld og bifreiðar .....	5 ár

### **Reiknuð tekjuskattsskuldbinding/inneign**

14. Reiknuð tekjuskattsinneign er færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi.

### **Lífeyrisskuldbinding**

15. Sparisjóðurinn ber ábyrgð á lífeyrisgreiðslum hluta starfsmanna sem eru sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Vegna þessa hefur lífeyrisskuldbinding verið færð til skuldar í efnahagsreikningi í samræmi við útreikninga tryggingastærðfræðings sem miða við 3% ársvexti.

### **Víkjandi lán**

16. Sparisjóðurinn hefur gefið út skuldabréf með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárlutfalli, sbr. skýringu 52. Lánin eru færð til skuldar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok og endurgreiðist eftir 10 ár.

### **Handbært fé**

17. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á aðrar lánastofnanir.



**Skýringar, frh.:****Aðrar rekstrartekjur**

	2006	2005
18. Þjónustutekjur sundurliðast þannig:		
Ábyrgðarþóknun .....	453	350
Aðrar þjónustutekjur .....	36.203	36.291
Samtals .....	<u>36.656</u>	<u>36.641</u>
19. Gengishagnaður sundurliðast þannig:		
Veltuhlutabréf .....	725.899	307.392
Gjaldeyrisviðskipti .....	23.288	( 185)
Samtals .....	<u>749.187</u>	<u>307.207</u>
20. Ýmsar rekstratekjur sundurliðast þannig:		
Söluhagnaður af fjárfestingarlutabréfum .....	0	23.182
Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum .....	14.850	0
Aðrar tekjur .....	1.051	196
Samtals .....	<u>15.901</u>	<u>23.378</u>

**Starfsmannamál**

21. Starfsmannafjöldi sparisjóðsins er sem hér segir:

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf .....	12	11
Stöðugildi í árslok .....	11	10

22. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	56.620	50.025
Launatengd gjöld .....	14.777	12.404
Laun og launatengd gjöld .....	<u>71.397</u>	<u>62.429</u>

23. Laun og þóknanir til stjórnarmanna og sparisjóðsstjóra sundurliðast þannig:

Páll Sigurðsson, sparisjóðsstjóri .....	12.760	12.451
Egill Gunnlaugsson, formaður stjórnar .....	768	616
Aðrir stjórnarmenn ( 4 ) .....	1.536	1.232
Samtals .....	<u>15.064</u>	<u>14.299</u>

24. Samstæðan hefur veitt stjórnarmönnum lán að fjárhæð 5,2 millj. kr. Lánakjör eru hliðstæð og gerist við sambærilega fyrirgreiðslu til annarra viðskiptamanna sparisjóðsins.

**Endurskoðun**

	2006	2005
25. Þóknun til endurskoðenda sundurliðast þannig:		
Endurskoðun ársreiknings .....	2.880	3.830
Könnun árslutareiknings .....	1.838	874
Önnur þjónusta .....	1.105	363
	<u>5.823</u>	<u>5.067</u>

*Fjárhæðir eru í þús. kr.*



**Skýringar, frh.:****Skattar**

26. Útleiðing á virku skatthlutfalli:		2006		2005
Hagnaður fyrir skatta .....		703.542		274.386
Reiknaður tekjuskattur .....	18,0%	126.638	18,0%	49.389
Óskattskyldar tekjur .....	( 0,9%)	( 6.044)	( 0,7%)	( 1.844)
Ófrádráttarbær gjöld .....	1,1%	7.919		
Frestun söluhagnaðar á hlutabréfum á móti fjárfestinga í eignarhlut í dótturfélagi .....	( 34,6%)	( 243.702)		
	( 16,4%)	( 115.189)	17,3%	47.545

**Kröfur á lánastofnanir**

27. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:		2006		2005
Gjaldkræfar kröfur .....		472.201		240.354
Yfir 3 mánuði og allt að ári .....		630		0
Yfir 1 ár og allt að 5 árum .....		3.146		892
Yfir 5 ár .....		1.068		3.816
Bundnar kröfur á Sparisjóðabanka Íslands hf. samkvæmt reglum um bindiskyldu .....		28.500		28.500
Samtals .....		505.545		273.562

**Útlán**

28. Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:				
Yfirdráttarlán .....		695.019		499.827
Afurða- og rekstrarlán .....		107.705		14.310
Víxlar .....		14.889		56.144
Skuldabréf .....		2.450.481		1.875.103
Samtals .....		3.268.094		2.445.384
29. Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:				
Ríkissjóður og ríkisstofnanir .....	0,2%		0,0%	
Bæjar- og sveitarfélög .....	0,1%		0,5%	
Atvinnugreinar:				
Landbúnaður .....	3,6%		1,0%	
Sjávarútvegur .....	2,6%		4,2%	
Verslun .....	4,8%		7,6%	
Iðnaður og verktakar .....	7,7%		4,7%	
Þjónuststarfsemi .....	15,3%		12,0%	
Einstaklingar .....	65,7%		70,0%	
Samtals .....	100,0%		100,0%	
30. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:				
Gjaldkræf útlán .....		25.133		48.552
Allt að 3 mánuðir .....		584.064		509.121
Yfir 3 mánuði og allt að ári .....		258.989		190.671
Yfir 1 ár og allt að 5 árum .....		653.004		570.821
Yfir 5 ár .....		1.746.904		1.126.219
Samtals .....		3.268.094		2.445.384



**Skýringar, frh.:**

	2006	2005
31. Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána í lok ársins greinist þannig:		
Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir .....	126.265	262.611
Sérstakur afskriftareikningur útlána .....	( 89.819)	( 139.406)
Afskriftalán að frádregnum sérstökum afskriftareikningi .....	36.446	123.205
Önnur vaxtafryst útlán .....	106.770	89.024
Óvaxtaberandi útlán samtals .....	143.216	212.229

## 32. Breyting á afskriftareikningi útlána á árinu greinist þannig:

	Afskriftareikningur		2006	2005
	Sérstakur	Almennur	Samtals	Samtals
Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun .....	139.406	51.203	190.609	168.706
Framlag í afskriftareikning á árinu .....	30.610	18.472	49.082	96.623
Endanlega töpuð útlán .....	( 80.197)		( 80.197)	( 74.720)
Afskriftareikningur útlána í árslok .....	89.819	69.675	159.494	190.609
Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánunum og veittum ábyrgðum .....	2,6%	2,0%	4,6%	7,5%

**Fullnustueignir**

33. Fullnustueignir sjóðsins eru fasteignir sem hann hefur innleyst vegna fullnustu krafna.

**Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum**

## 34. Skuldabréf með föstum tekjum greinast þannig:

	Markaðsverð	Bókfært verð 31.12.2006	Bókfært verð 31.12.2005
Veltuskuldabréf:			
Skráð í Kauphöll Íslands .....	104.139	104.139	42.659
Óskráð skuldabréf .....		11.710	11.200
		115.849	53.859
Fjárfestingarskuldabréf:			
Óskráð skuldabréf .....		0	141.218
Skuldabréf með föstum tekjum samtals .....		115.849	195.077

Skuldabréf sem koma til greiðslu innan árs frá uppgjörsegi nema 52,5 millj. kr.

## 35. Skuldabréf með föstum tekjum greinast þannig eftir útgefendum:

	2006	2005
Skuldabréf útgefin af opinberum aðilum .....	31.628	31.718
Skuldabréf útgefin af öðrum .....	84.221	163.359
Samtals .....	115.849	195.077



## Skýringar, frh.:

36. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	Markaðsverð	Bókfært verð 31.12.2006	Bókfært verð 31.12.2005
Veltuhlutabréf og hlutdeildarskírteini:			
Skráð innlend hlutabréf .....	982.036	982.037	0
Skráð erlend hlutabréf .....	16.862	16.861	13.841
Önnur skráð bréf .....	10.317	10.317	6.374
Óskráð bréf .....		45.039	908.547
Samtals .....		<u>1.054.254</u>	<u>928.762</u>
Fjárfestingarhlutabréf:			
Óskráð hlutabréf .....		<u>369.926</u>	<u>168.446</u>
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum samtals .....		<u>1.424.180</u>	<u>1.097.208</u>

37. Sparisjóðurinn hefur fjárfest í nokkrum félögum. Félögin eru ekki skráð á verðbréfamarkaði. Eignarhlutirnir eru eignfærðir á kostnaðaverði og greinast þannig:

	Eignarhlutur	Arður	Nafnverð	Bókfært verð
Óskráð félög:				
Creditinfo Group hf., Reykjavík .....	0,04%	0	167	1.207
FSP hf., Reykjavík .....	3,80%	0	68.487	77.882
Fasteignafélagið BORG ehf., Hvammstanga .....	33,10%	0	19.757	26.750
Forsvar ehf., Hvammstanga .....	18,00%	0	1.020	401
Greiðslumiðlun hf. Reykjavík .....	0,60%	662	2.476	3.109
Icebank hf., Reykjavík .....	2,10%	0	14.810	58.963
Intrum á Íslandi hf., Reykjavík .....	0,70%	0	4	2.134
Íslensk verðbréf hf., Akureyri .....	0,90%	1.042	703	3.048
Kista-fjárfestingarfélag ehf., Reykjavík .....	4,80%	0	80.745	161.490
Kreditkort hf., Reykjavík .....	0,40%	706	1.765	1.222
Premium, innheimtuvaktin ehf. Reykjavík .....	10,00%	0	16.000	16.000
Smárahúsið ehf., Kópavogi .....	2,00%	0	49	56
SP Fjármögnun hf., Reykjavík .....	1,00%	0	3.976	9.856
Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis .....	3,70%	0	1.275	1.275
Sparisjóður Vestfirðinga, Þingeyri .....	0,10%	0	2.233	2.102
Tækifæri hf., Akureyri .....	0,50%	0	1.000	840
Verðbréfabjónusta sparisjóðanna hf. Rvík .....	1,70%	0	3.562	3.591
Fjárfestingarhlutabréf samtals .....		<u>2.410</u>		<u>369.926</u>

38. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Afkomu- hlutdeild	Bókfært verð
SP Eignir ehf., Hvammstanga .....	40,00%	( 468)	1.532
Tölvumiðstöð sparisjóðanna, Kópavogi .....	1,46%	( 1.467)	2.441
Reiknistofa bankanna, Reykjavík .....	1,47%	0	4.783
Hlutdeildarfélög samtals .....		<u>( 1.935)</u>	<u>8.756</u>



## Skýringar, frh.:

### Aðrar eignir

39. Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Húseignir og lóðir	Húsbúnaður skrifstofu- áhöld	Samtals
Heildarverð 1.1.2006 .....	82.220	47.978	130.198
Afskrifað 1.1.2006 .....	( 33.216)	( 38.505)	( 71.721)
Bókfært verð 1.1.2006 .....	49.004	9.473	58.477
Keypt á árinu .....	100.000	22.434	122.434
Afskrifað á árinu .....	( 1.556)	( 4.554)	( 6.110)
Selt/niðurlagt á árinu .....	( 14.842)	( 5.308)	( 20.150)
Bókfært verð 31.12.2006 .....	132.606	22.045	154.651
Heildarverð 31.12.2006 .....	133.658	51.139	184.797
Afskrifað 31.12.2006 .....	( 1.052)	( 29.094)	( 30.146)
Bókfært verð 31.12.2006 .....	132.606	22.045	154.651
Afskriftarhlutföll .....	2%	10-20%	

Fasteignamat húseigna og lóða í árslok nam 24,1 millj. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 63,6 millj. kr. Vátryggingarverð húsbúnaðar og skrifstofuáhalda var 25,9 millj. kr. í árslok 2006.

40. Breyting reiknaðrar skattinneignar / skattsskuldbindingar á árinu greinist þannig:

Reiknuð tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun .....	90.925
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins .....	( 115.189)
Tekjuskattsinneign í árslok .....	( 24.264)
Reiknuð tekjuskattsskuldbinding sparisjóðsins skiptist þannig niður á einstaka liði efnahagsreiknings:	
Eignarhlutir í félögum .....	18.123
Rekstrarfjármunir .....	893
	19.016
Yfirfæranlegt tap .....	( 43.280)
Reiknuð tekjuskattsinneign í árslok .....	( 24.264)

### Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáhættu

41. Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 2.200,7 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 2.082,3 millj. kr.

42. Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 500,9 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 352,0 millj. kr.

### Víkjandi kröfur

43. Sparisjóðurinn á víkjandi kröfu að fjárhæð 4,8 millj. kr. Krafan er færð með kröfum á lánastofnanir.

### Skuldir við lánastofnanir

44. Skuldir við lánastofnanir eru skuldir við aðrar lánastofnanir en Seðlabanka Íslands og koma þær til greiðslu innan árs.

*Fjárhæðir eru í þús. kr.*





**Skýringar, frh.:****Innlán**

	2006	2005
45. Bundin innlán sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:		
Allt að 3 mánuðir .....	405.143	310.405
Yfir 3 mánuði og allt að 1 ári .....	156.518	188.104
Yfir 1 ár og allt að 5 árum .....	943.577	887.988
Yfir 5 ár .....	166.379	126.785
Samtals .....	<u>1.671.617</u>	<u>1.513.282</u>

**Lántaka**

46. Lántaka sparisjóðsins nemur 617,2 millj. kr. í árslok 2006. Af þeirri fjárhæð koma 77,7 millj. kr. til greiðslu innan árs.

**Aðrar skuldir**

47. Ýmsar skuldir sundurliðast þannig:		
Framlag í afskriftareikning af veittum ábyrgðum .....	1.451	1.267
Aðrar skuldir .....	29.809	16.412
Samtals .....	<u>31.260</u>	<u>17.679</u>

**Lífeyrisskuldbinding**

48. Breyting lífeyrisskuldbindingarinnar á árinu greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun .....	54.491	54.653
Vextir og verðbætur .....	5.423	4.776
Greiddur lífeyrir .....	( 5.859)	( 4.938)
Lífeyrisskuldbinding í árslok .....	<u>54.055</u>	<u>54.491</u>

**Víkjandi lán**

49. Víkjandi lán greinast þannig eftir lánstíma:

	Vextir	Gjalddagar	Staða
Verðtryggð lán .....	6,5%	2015	<u>139.834</u>

**Eigið fé**

50. Stofnfé sjóðsins nemur 14,0 millj. kr. Eitt atkvæði fylgir hverri 1 krónu í stofnfé, en hver stofnfjáraðili má þó ekki fara með meira en 5,0% af heildaratkvæðum í sjóðnum samkvæmt samþykktum hans.

51. Yfirlit um eigið fé:

	Stofnfé	Varasjóður	Samtals
Eigið fé 1.1.2006 .....	12.781	639.768	652.549
Greiddur arður .....	0	( 1.278)	( 1.278)
Hagnaður ársins .....		818.731	818.731
Endurmat stofnfjár .....	1.194	( 1.194)	0
Eigið fé 31.12.2006 .....	<u>13.975</u>	<u>1.456.027</u>	<u>1.470.002</u>



**Skýringar, frh.:**

52. Eigið fé í árslok nemur 1.470,0 millj. kr. eða 26,4 % af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 14,9%. Samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	Bókfærð staða	Vegin staða 2006	2005
Áhættugrunnur:			
Bókfærðar eignir .....	5.567.679	4.677.936	3.531.613
Eignir til frádráttar .....		( 1.061.222)	( 488.523)
Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings .....		64.478	45.879
Áhættugrunnur samtals .....		<u>3.681.192</u>	<u>3.088.969</u>
Eigið fé:			
Eiginfjárþáttur A			
Bókfært eigið fé .....		1.470.002	652.549
Eiginfjárþáttur B			
Víkjandi lán .....		139.834	130.799
Eignir til frádráttar eigin fé .....		( 1.061.222)	( 488.523)
Eigið fé samtals .....		<u>548.614</u>	<u>294.825</u>
Eiginfjárlutfall .....		14,9%	9,5%

**Skuldbindingar**

53. Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

	2006	2005
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna .....	64.478	56.333
Ónotaðar yfirdráttarheimildir .....	185.818	157.713

54. Samkvæmt lögum sem gilda um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta skulu heildareignir sjóðsins nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Ekki hvílir á sparisjóðnum skuldbinding vegna þessa í árslok 2006.





**Menningarsjóður  
Sparisjóðs  
Húnaþings og Stranda**  
Ársreikningur 2006



## Ársskýrsla og áritun sjóðstjórnar


Menningarsjóður Sparisjóðs Húnaþings og Stranda var stofnaður á árinu 1993 og er tilgangur sjóðsins að styrkja hvers konar menningarstarfsemi á aðal viðskiptasvæði sparisjóðsins.

Prettán styrkir voru veittir úr sjóðnum á árinu, samtals að fjárhæð 5.150 þús. kr.

Stjórn Menningarsjóðs Sparisjóðs Húnaþings og Stranda staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 30 mars 2007.

Stjórn:

  
Egill Gunnlaugsson

  
Gunnar Sæmundsson

  
Sveinbjörn Jónsson

  
Heimir Ágústsson

  
Þorvaldur Böðvarsson



# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Menningarsjóðs Sparisjóðs Húnaþings og Stranda.

## Inngangur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Menningarsjóðs Sparisjóðs Húnaþings og Stranda fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2006, efnahag hans 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík 30. mars 2007.

**KPMG hf.**

Helgi F. Arnarson

Ragna Hrund Hjartardóttir



## Rekstrarreikningur ársins 2006

	2006	2005
<b>Tekjur:</b>		
Framlag til sjóðsins .....	10.000.000	5.000.000
Vaxtatekjur og verðbætur .....	755.082	470.760
	10.755.082	5.470.760
 <b>Gjöld:</b>		
Veittir styrkir .....	5.150.000	2.876.870
	5.150.000	2.876.870
 <b>Tekjur umfram gjöld .....</b>	<b>5.605.082</b>	<b>2.593.890</b>



## Efnahagsreikningur 31. desember 2006

### Eignir

	Skýr.	2006	2005
Myndir .....		<u>1.867.500</u>	<u>1.867.500</u>
Bankainnistæður .....		<u>13.358.776</u>	<u>7.753.694</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>15.226.276</u></u>	<u><u>9.621.194</u></u>

### Eigið fé

#### Eigið fé:

Bundið:			
Stofnfé .....	1	<u>786.126</u>	<u>735.041</u>
Frjálst:			
Til ráðstöfunar samkvæmt skipulagsskrá .....	1	<u>14.440.150</u>	<u>8.886.153</u>
<b>Eigið fé samtals</b>		<u><u>15.226.276</u></u>	<u><u>9.621.194</u></u>





## Skýringar

### Eigið fé

#### 1. Yfirlit um breytingu á eigin fé:

	2006	2005
<b>Bundið:</b>		
Stofnfé í ársbyrjun .....	735.041	690.744
Endurmat, stofnfjár .....	51.085	44.297
Stofnfé í árslok .....	<u>786.126</u>	<u>735.041</u>
<b>Frjálst:</b>		
Til ráðstöfunar frá fyrra ári .....	8.886.153	6.336.560
Endurmat, stofnfjár .....	( 51.085)	( 44.297)
Tekjur umfram gjöld ársins .....	<u>5.605.082</u>	<u>2.593.890</u>
Til ráðstöfunar til næsta árs .....	<u>14.440.150</u>	<u>8.886.153</u>

